



Skútustaðahreppur

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

30. júní – Pistill nr. 16

Þetta er síðasti pistill fyrir sumarfrí. Ég hef fengið einstaklega góðar viðtökur frá því fyrsti pistillinn birtist í haust en hann kemur út að loknum sveitarstjórnarfundum sem haldnir eru tvisvar í mánuði.

Síðustu vikur hafa verið viðburðaríkar, ekki síst eftir að við skiluðum inn umbótaáætlun um fráveitumál sem hafa tekið drjúgan tíma af vinnu okkar undanfarna mánuði. Í morgun bárust svo enn fréttir af fráveitumálunum.



Tímasettri umbótaáætlun skilað inn – en hafnað af heilbrigðisnefnd

Fyrsti [fréttamannafundurinn](#) í sögu sveitarfélagsins var haldinn 15. júní síðastliðinn þegar umbótaáætlun vegna fráveitumála var kynnt. Fundurinn fór fram í Fuglasafni

Sigurgeirs og tókst vel. Fjallað var um áætlunina í flestum fjölmiðlum landsins og komust sjónarmið okkar vel á framfæri. Í næstu viku er bæði von á ráðherra sveitarstjórnarmála og fjármálaráðherra í heimsókn í Mývatnssveit til að kynna sér þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir, þar á meðal fráveitumál. Í morgun barst fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra frá því í gær. Þar var umbótaáætlunin tekin fyrir og eftirfarandi bókað:

„2. Sameiginleg umbótaáætlun

Skútustaðahrepps og rekstraraðila vegna fráveitu í Skútustaðahreppi árin 2017-2022, með lagalegum fyrirvörum og fyrirvara um fjárhagslega aðkomu ríkisvaldsins.

Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju sinni með þá sameiginlegu framtíðarsýn Sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og rekstraraðila að vera til fyrirmyndar í fráveitumálum til að lágmarka áhrif mannsins á lífríki Mývatns.

Sömuleiðis lýsir heilbrigðisnefnd ánægju með þá undirbúningsvinnu sem birtist í skýrslu samstarfshóps um Mývatn; ástand mála, orsakir vanda og mögulegar aðgerðir (júní 2016) og skýrslu Eflu um fráveitumál við Mývatn; úttekt á núverandi stöðu og tillögur að úrbótum í ljósi ofauðgunar (21. mars 2017).

Í sameiginlegri úrbótaáætlun Skútustaðahrepps og rekstraraðila sem barst heilbrigðisnefnd þann 15. júní 2017, kemur fram að gert er ráð fyrir 5 ára framkvæmdatíma og jafnframt kemur fram að fjármögnun framkvæmda liggur ekki fyrir og þá eru gerðir lagalegir fyrirvarar. Heilbrigðisnefnd lýsir yfir vonbrigðum með að fjármögnun til úrbóta skuli ekki vera tryggð til verkefnisins, en bendir jafnframt á að slíkar forsendur geta ekki seinkað kröfum nefndarinnar á sveitarfélagið eða rekstraraðila. Heilbrigðisnefnd getur því ekki fallist á umrædda úrbótaáætlun með þeim fyrirvörum sem hún er byggð á. Heilbrigðisnefnd fer fram á að Sveitarfélagið Skútustaðahreppur og rekstraraðilar skili inn fjármagnaðri úrbótaáætlun vegna fráveitumála og er frestur til þess veittur til 15. september n.k.”

Þarna er rétt að benda á að **heilbrigðisnefndin gerir ekki athugasemdir við áætlunina sjálfa eða tímasetningu hennar, heldur fyrst og fremst við fyrirvarana sem sveitarstjórn setti um fjármögnun ríkisins.** Ég velti því fyrir mér hvort hvort fjármögnun fráveitufamkvæmda í tengslum við umbótaáætlunina eigi yfirleitt heima inni á borði heilbrigðisnefndarinnar. Eðli áætlunar er fólgin í því að hún er fyrst og fremst áætlun, þar á meðal um fjármögnun. Í tilfelli sveitarfélaga/ríkisvaldsins þá fer fjármögnun eftir fjárhagsáætlun/fjárlögum hverju sinni.

Afgreiðsla heilbrigðisnefndarinnar veldur því nokkrum vonbrigðum, ekki síst í ljósi þess að samkvæmt tímasettri fimm ára umbótaáætlun sem sveitarstjórnin sendi inn að kröfu heilbrigðisnefndarinnar, kom skýrt fram að gert var ráð fyrir því að samningaviðræður við ríkisvaldið um fjármögnun stæðu til næstu

áramóta, en ekki til 15. september. **Þar með er ljóst að heilbrigðisnefndin hefur sett mikinn þrýsting á ríkisvaldið um að ljúka þessum viðræðum við sveitarfélagið fyrir 15. september.**

Ljóst er að sveitarfélagið stendur ekki undir 500 til 700 milljón króna fráveitufamkvæmdum til næstu fimm ára eins og áætlunin gerði ráð fyrir, nema með aðkomu ríkisins, eins og því ber að gera samkvæmt verndarlögnum.

Tímasett úrbótaáætlun með fyrirvörum um fjármögnun ríkisins

Fráveitumál hafa verið á dagskrá hvers einasta sveitarstjórnarfundar síðan í janúar. Tímasettri umbótaáætlun um fráveitumál í Skútustaðahreppi sem sveitarstjórn samþykkti á síðasta fundi sínum var skilað inn til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra þann 15. júní síðastliðinn. Þar með hefur sveitarfélagið í samstarfi við 15 rekstraraðila í sveitarfélaginu, sem fengu einnig kröfu um **tímasetta** úrbótaáætlun, uppfyllt kröfur heilbrigðiseftirlitsins. Áætlunin er sett fram með þeim fyrirvara og athugasemdum eins og bókað var á fundi sveitarstjórnar þann 22. mars síðastliðinn að hún er algjörlega háð fjármögnun frá ríkisvaldinu eins og sveitarstjórn hefur ítrekað bókað á síðustu sveitarstjórnarfundum. Kröfur um úrbætur í fráveitumálum eins og Heilbrigðiseftirlitið vísar til, má að verulegu leyti rekja til verndarlaganna um Mývatn og Laxá, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 665/2012. Þann 26. júní síðastliðinn sendi sveitarstjóri erindi þar sem óskað var eftir fundi með fjármálaráðherra um framhald málsins og hvernig hugmyndin er að viðræðum á milli sveitarfélagsins og

fjármálaráðherra verði framhaldið. Þá verður fundur með Norðurorku í næstu viku.

Svar umhverfisráðuneytisins við fyrirspurn sveitarstjórnar um ítarlegri vöktun á Mývatniog Laxá líkt og umhverfisráðherra hafði boðað barst 23. júní síðastliðinn. Þar kemur fram að í sumar verður farið í viðbótar mælingar miðað við það sem verið hefur á vegum RAMÝ. Þar er um að ræða:

- 1) kortlagningu næringarefna í grunnvatni,
- 2) mælingar á næringarefnum í Mývatni og
- 3) skoða árstíðasveiflu næringarefna í lindum neðan og ofan byggðar.

Einnig á að efla vöktun á blábakteríu- og þörungasvifi í Mývatni.

Sveitarstjórn ítrekar að ein af helstu forsendum þess að ráðist er í svo kostnaðarsamar framkvæmdir í fráveitumálum hlýtur að vera að vöktun á lífríki Mývatns verði aukin til muna til að meta stöðuna og áhrif framkvæmdanna á lífríkið til framtíðar.

Gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs í Mývatnssveit

Mikil gerjun á sér stað í Mývatnssveit í ýmsum málum sem hafa verið í umræðunni undanfarin misseri. Meðal annars er unnið að stefnumótun í nokkrum málaflokkum eins og ferðapjónustu, skóla- og menningarmálum. Þær fréttir bárust svo í vikunni að svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs bókaði eftirfarandi á fundi sínum:

„Umræða um bókun stjórnar frá 17. maí sl. Í ljósi vilja stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs til að koma upp gestastofu í Mývatnssveit og ákvæðum reglugerðar þar um, felur svæðisráð þjóðgarðsvörðum að koma á fundi með fulltrúum Skútustaðahrepps þar sem þess verði óskað að hafið verði ákvörðunarferli staðarvals

og útfærslu gestastofu, ásamt mögulegri samþættingu við aðra starfsemi.“

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tók þessa bókun fyrir á fundi sínum og lýsti yfir ánægju sinni með hana.

Gestastofur Vatnajökulspjóðgarðs eru upplýsinga- og fræðslumiðstöðvar þar sem gestir fá upplýsingar um þjóðgarðinn og nágrenni hans; gönguleiðir, náttúrufar, sögu, þjónustu og afþreyingu. Vatnajökulspjóðgarður starfrækir fimm gestastofur í dag.

Þetta verða að teljast mikil tíðindi fyrir Mývetninga, nú þurfum við að setjast niður til að skoða hvaða staðsetning hentar best fyrir gestastofu sem hægt væri að tengja sambærilegum verkefnum sem unnið hefur verið að, bæði af sveitarfélaginu og stofnunum ríkisins.



Breytingar á leikskólanum

Líkt og fram kom í fundargerð skólanefndar frá 26. júní 2017 fundar er sú óvenjulega staða uppi að nú er ekkert barn á elsta ári á leikskólanum sem fer í grunnskólann í haust og börnum hefur fjölgað mikið og verða þau 26 í haust og er leikskólinn þá full setinn. Eins og staðan er núna stefnir í að þrjú börn verði á biðlista fyrir áramót sem þarf að bregðast við en um tímabundna stöðu er að ræða því haustið 2018 færast fimm börn upp í grunnskólann.

Skólanefnd tekur undir tillögur leikskólastjóra þess efnis að breytingar verði gerðar á leikskólahúsnæði þannig að tengibygging leikskólans verði stækkuð til austurs, nýtt verði ein stofa í Reykjahlíðarskóla í samráði við skólastjóra og breytingar gerðar á innra skipulagi. Þá leggur nefndin áherslu á að eldri borgarar verði áfram með aðstöðu fyrir félagsstarf sitt í Reykjahlíðarskóla. Sveitarstjórn tekur undir bókun skólanefndar. Í tengslum við gerð breytingar á húsnæði leikskólans samþykkir sveitarstjórn viðauka við fjárhagsáætlun 2017 að fjárhæð 5.900.000 kr. Viðaukinn verður fjármagnaður með hækkun skammtímaláns og bókast sem eignfærð fjárfesting.

Ný leiktæki á leikskólalóð og grunnskólalóð

Í sumarfríi leikskólans Yls verður unnið að því að ljúka við gerð leikskólalóðarinnar. Búið er að panta leiktæki og þá verður lokið við jarðvegsvinnu og ætlar foreldrafélagið að rétta hjálparhönd sem við erum þakklát fyrir. Í sumar verða leiktæki á lóð Reykjahlíðarskóla jafnframt endurnýjuð en búið er að panta ný leiktæki og vonandi verður búið að ljúka við allar framkvæmdir þegar starfsemi hefst að nýju að loknu sumarfríi.

Reglugerð um hæsnahald

Sveitarstjórn hefur samþykkt reglugerð um hæsnahald í þéttbýli Skútustaðahrepps. Samþykkt þessi er sett til að tryggja öryggi, hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna hæsnahalds í þéttbýli Skútustaðahrepps.

Hæsnahald er háð leyfi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Sótt skal um leyfi á skrifstofu hreppsins á eyðublöðum sem þar fást. Telji sveitarstjórn að skilyrðum fyrir hæsnahaldi sé fullnægt, getur hún veitt

lögráða einstaklingi eða lögaðila leyfi til allt að 5 ára. Leyfilegt er að halda allt að 6 hænsni á hverri lóð. Óheimilt er með öllu að vera með hana. Reglugerðin ásamt nánari upplýsingum verður sett inn á heimasíðu sveitarfélagsins á næstu dögum.

Reglugerð um skólaakstur

Sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu skólanefndar um fyrirkomulag skólaaksturs í Skútustaðahreppi sem byggja á reglugerð nr. 656/2009 um skólaakstur grunnskóla sem sett er með heimild í 22. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Sveitarfélagið ber kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi. Er sveitarfélögum skylt að setja reglugerð um fyrirkomulag skólaaksturs.

Þess má geta að samningar við núverandi bílstjóra sem séð hafa um skólaaksturinn undanfarin ár hafa verið framlengdir til eins árs.

Sumarleyfi sveitarstjórnar

Sveitarstjórn samþykkir að fella niður reglubundna fundi í júlí og fyrri fund í ágúst 2017 vegna sumarleyfa. Næsti reglubundni fundur sveitarstjórnar er fyrirhugaður miðvikudaginn 23. ágúst 2017.

Athygli er vakin á því að skrifstofa sveitarfélagsins Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6 verður lokuð vegna sumarleyfa frá 17.-28. júlí n.k. Skrifstofan opnar aftur mánud. 31. júlí kl. 9.

Breytingar á hreppsskrifstofu

Lagt var fram fyrir sveitarstjórn bréf Rannveigar Ólafsdóttur þar sem hún segir upp starfi skrifstofustjóra. Sveitarstjórn þakkar Rannveigu vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Sveitarstjóra var falið að auglýsa starf skrifstofustjóra laust til umsóknar.

Skútustaðahreppur - Skrifstofustjóri

Skútustaðahreppur auglýsir laust til umsóknar 100% starf skrifstofustjóra á skrifstofu sveitarfélagsins. Skrifstofustjóri er yfirmaður reikningshalds, stýrir bókhaldsvinnu og er ábyrgur fyrir því að bókhald sé fært samkvæmt gildandi lögum og reglum. Skrifstofustjóri kemur jafnframt að mannauðsmálum, launamálum og ýmsu fleira. Skrifstofustjóri er staðgengill sveitarstjóra. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Þekking og reynsla af bókhaldi og fjárhagsáætlunargerð
- Þekking og reynsla af stjórnslu og fjármálum sveitarfélaga er kostur
- Reynsla á sviði mannauðsmála kostur
- Góð tölvukunnátta (Excel, Navision)
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Í boði er spennandi starf fyrir einstakling sem hefur metnað til að sýna árangur í starfi.

Til greina kemur að leigja húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 4163 eða á netfangið sveitarstjori@myv.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí n.k. Skriflegar umsóknir berist á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn eða á netfangið: sveitarstjori@myv.is

Starfsmaður óskast við leikskólann YI

Um er að ræða 70% stöðu með möguleika á auknu starfshlutfalli í haust. Kostur er að umsækjandi hafi leikskólakennararéttindi, sérkennsluréttindi eða aðra sambærilega

menntun og geti hafið störf 31. júlí n.k. Hvetjum við karla jafnt sem konur til að sækja um. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólustjóri í síma 821 9404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum á skrifstofu Skútustaðahrepps eða á netfangið ingibjorg@myv.is. Til greina kemur leiguhúsnæði í eigu sveitafélagsins.



HRÓS DAGSINS...

Fær ípróttu- og ungmennafélagið Mývetningur sem hefur staðið fyrir vel skipulögðum sumarnámskeiðum fyrir börnin.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu, aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, fundað með skipulagsnefnd og skólanefnd, stjórn Mývatnsstofu, forstöðumönnum, fulltrúa Markaðsstofu Norðurlands og ýmislegt fleira. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri